



NÁMSKEIÐAHANDBÓK GRUNNSKÓLA

Námskeið Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar
Skólaárið 2015-2016

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
maí 2016

Umsjón, ábyrgð og umbrot:

Vígfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Linnetsstíg 3, 220 Hafnarfjörður.
Sími 585 5800.
Netfang skolaskr@hafnarfjordur.is.

Opin mánudaga til föstudaga kl. 8-16.

EFNISYFIRLIT NÁMSKEIÐA 2015-2016

	Bls.
Efnisyfirlit	3
Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim	4
I. ÍSLENSKUNÁM: LÆSI, SKIMANIR OG UMBÓTASTARF	5
▪ 101 Leið til læsis – grunnnámskeið	5
▪ 102 Framsögn og munnleg tjáning I	5
▪ 103 Framsögn og munnleg tjáning II	6
▪ 104 Logos skimun	6
▪ 105 Lestrargreiningar og íhlutun við upphaf grunnskóla	6
▪ 106 Framburðarskimun	7
▪ 107 PALS kennaranámskeið (2.-6. bekkur)	7
▪ 108 K-PALS kennaranámskeið	7
▪ 109 Tengiliðanámskeið læsis	8
2. FORVARNIR: LÍFSLEIKNI TIL SJÁLFSRÆKTAR OG ÖRYGGIS	9
▪ 201 Skyndihjálparnámskeið - ásamt hæfniprófi sundkennslu	9
▪ 202 Sundkennsla fyrir sundkennara	9
▪ 203 Skólaforðun: hegðunarvandi og kvíði	10
▪ 204 Hvernig á að matreiða ofnæmisfæði á öruggan hátt?	10
▪ 205 Verndarar barna	11
3. UPPLÝSINGALÆSI: UPPLÝSINGATÆKNI TIL SKÓLAÞRÓUNAR	12
▪ 301 eTwinning námskeið (féll niður)	12
▪ 302 Erasmus+ kynning	12
▪ 303 Spjaldtölvur í grunnskólakennslu - byrjendanámskeið	13
▪ 304 Spjaldtölvur í grunnskólakennslu - framhaldsnámskeið	14
4. FJÖLBREYTTIR KENNSLUHÆTTIR OG FJÖLMENNING	15
▪ 410 Gifted and talented students in schools	15
▪ 411 Vinnustofa um kennslu í margbreytilegum nemendahópi	16
5. SMT-SKÓLAFÆRNI TIL SKÓLAÞRÓUNAR	17
▪ 501 SMT fræðsla fyrir nýtt starfsfólk grunnskóla	17
▪ 502 PMTO grunnmenntunarnámskeið	17
▪ 503 Handleiðsla fyrir SMT-teymi	18
▪ 504 Handleiðsla fyrir lausnateymi	18

Nokkur atriði um námskeiðin og þátttöku í þeim

- Það þarf að skrá sig á öll námskeið með því að senda tölvupóst á netfangið vigfus@hafnarfjordur.is (nema annað sé tekið fram við einstaka námskeið). Við skráningu skal tilgreina númer námskeiðs sem sótt er um, eigið nafn, stöðuheiti, kennitölu, netfang og nafn skóla sem starfað er í. Breyting er þó í vetur á námskeiðahaldi þar sem mörg námskeið far fram á strfsmannafundum í einstaka skólum og þarf ekki að skrá sig á þau námskeið sérstaklega.
- Kennarar og skólastjórnendur í grunnskólum Hafnarfjarðar og Stóru-Vogaskóla fá frítt á námskeiðin. Möguleiki er fyrir kennara annars staðar frá að sækja námskeið ef það er ekki fullbókað og greiða þeir þá fyrir þátttöku.
- Námskeiðstímar eru alltaf álitamál. Áttunda árið í röð hefur verið settur á fastur endurmenntunartími í grunnskólum Hafnarfjarðar, á mánudögum kl. 15-17 fyrir kennara. Reynt er að að hafa sem flest námskeið á þessum tímum en ef það hentar ekki eru þau haldin síðdegis, á kvöldin eða um helgar eftir atvikum. Það á sérstaklega við um námskeið í tölvukennslu, verk- og listgreinum þar sem hentar best lengri samfelld kennsla. Ef um námskeið er að ræða fyrir stjórnendur er áherslan á tímann eftir hádegi á föstudögum.
- Takmarkaður fjöldi kemst á einstök námskeið. Því er nauðsynlegt að skrá sig í tíma til að eiga meiri möguleika á að komast að. Sömuleiðis er fólk beðið að afboða sig ef það forfallast og getur ekki sótt námskeið.gerður er fyrirvari um lágmarksfjölda þátttakenda á námskeið. Falli námskeið niður er það tilkynnt í tölvupósti til þátttakenda með a.m.k. sólarhrings fyrirvara (ef mögulegt er). Ef kennarar í Hafnarfirði fylla ekki námskeiðið viku fyrir námskeiðsdag er kennurum annars staðar frá boðið að sækja námskeið gegn vægu gjaldi.
- Allir þeir sem taka þátt í einstaka námskeiðum geta verið beðnir um að gefa mat á þátttöku sinni á námskeiðum eftir á, t.d. í könnunum sem sendar verða í tölvupósti til þátttakenda. Allt slíkt mat er trúnaðarmál og svör þar verða ekki rakin til einstaklinga.

Fjárveitingar til námskeiða fyrir kennara og skólastjórnendur koma að mestu úr úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla sem er í vörslu Sambands íslenskra sveitarfélaga og ræðst framboð námskeiða af styrkveitingum þaðan. Í ár nemur þessi styrkur tveimur milljónum króna en því til viðbótar leggur Hafnarfjörður fjármagn til námskeiðahaldsins, sérstaklega í formi vinnu starfsmanna þess við skipulag, kennslu og umsýslu námskeiðanna.

Vinna starfsfólks Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar við námskeiðahaldið er framlag bæjarins til símenntunar kennara og er viðbótarframlag við framlag Endurmenntunarsjóðs grunnskóla.

Námskeið Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

I. ÍSLENSKUNÁM: LÆSI, SKIMANIR OG UMBÓTASTARF

NÁMSKEIÐ 101



Leið til læsis - grunnnámskeið

Númer: 101 – 14/15

Staður: Krosseyri (5. hæð Linnetsstíg 3)

Markhópur: Kennarar yngstu nemenda í grunnskóla auk stjórnenda.

Fjöldi: 30+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Sérkennslufulltrúi grunnskóla.

Lýsing: Á námskeiðinu verður kennt hvernig á að vinna með lesskimunarprófið *Leið til læsis*. Námskeiðið veitir kennurum rétt til að leggja prófið fyrir. Jafnframt er leiðbeint um fyrirlögn og túlkun eftirfyllniþrófa.

Námskeiðið er ætlað kennurum sem kenna í 1. bekk ásamt sérkennurum á yngsta stigi grunnskóla, en ætlast er til að umsjónarkennarar leggi prófið fyrir (með aðstoð sérkennara). Námskeiðið nýtist kennurum í 2.- 4. bekk jafnframt mjög vel, því meðfram skimunarprófinu er einnig fjallað um eftirfyllniþrófin sem þeir kennarar munu einnig leggja fyrir.

Tími/-ar:

mánudaga

8. og 22. sept.

og 6. okt.

kl. 14:30-16:30

NÁMSKEIÐ 102



Framsögn og munnleg tjáning I

Númer: 102 – 14/15

Staður: Krosseyri

Markhópur: Íslenskukennarar og umsjónarkennarar í 6. og 7. bekkjum.

Fjöldi: 30+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Ingibjörg Einarsdóttir, íslenskufraeðingur og skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Lýsing: Leiðbeiningar og fræðsla um kennslu í munnlegri tjáningu og framsögn fyrir nemendur í 7. bekkjum með þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni í huga. Hentar samt öllum sem vilja þjálfast í framsögn og vinna að þjálfun hennar í skólastarfi.

Tími/-ar:

mánudag

27.10.

kl. 14-16

NÁMSKEIÐ 103



Framsögn og munnleg tjáning II

- Númer:** 103 – 14/15
Staður: Krosseyri
Markhópur: Íslenskukennarar og umsjónarkennarar í 4. bekkjum.
Fjöldi: 20+
Umsjón/kennari/-ar: Ingibjörg Einarsdóttir, íslenskufræðingur og skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.
Lýsing: Leiðbeiningar og fræðsla um kennslu í munnlegri tjáningu og framsögn fyrir nemendur í 4. bekkjum með þátttöku í Litlu upplestrarkeppninni í huga. Hentar samt öllum sem vilja þjálfast í framsögn og vinna að eflingu hennar í skólastarfi.

Tími/-ar:
 mánudaga
 23.okt., 27. jan.
 og 26. maí
 kl. 14.30-16

NÁMSKEIÐ 104



LOGOS framhaldsfræðsla

- Númer:** 104 – 14/15
Staður: Krosseyri
Markhópur: Þeir sem þegar hafa lokið grunnnámskeiði í Logos og hafa því hlotið réttindi á LOGOS lestrargreiningarverkfærið
Fjöldi: 30
Umsjón/kennari/-ar: Bjarnfríður Jónsdóttir og Gyða Arnmundsdóttir frá LOGOS
Lýsing: Kynning á nýrri uppfærslu af LOGOS sem komin er til allra grunnskólanna í Hafnarfirði og notkun LOGOS til lestrarskimana sem hefst í grunnskólum Hafnarfjarðar á næsta skólaári.

Tími/-ar:
 föstudag
 6. mars
 kl. 13.30-15.30

NÁMSKEIÐ 105



L lestrargreiningar og íhlutun við upphaf grunnskóla

- Númer:** 105 – 14/15
Staður: Linnetsstígur 3, Krosseyri
Markhópur: (sér)kennarar á yngsta stigi
Fjöldi: 30+
Umsjón/kennari/-ar: Bjartey Sigurðardóttir, grunnskólakennari og talmeinafræðingur og Hjálmfríður Sveinsdóttir, sérkennslufulltrúi
Lýsing: Fjallað verður um frávík í málþroska og/eða hljóðkerfisvitund við upphaf grunnskólagöngu. Hvernig finnum við þessi börn og hvað er til ráða. Rætt um forspárþættir lesturs og gildi snemmtækrar íhlutunar. Fjallað um skimanir og stöðluð eftirfylgdarpróf í lestri og hvernig skólinn getur brugðist við niðurstöðum. Ennfremur um mikilvægi góðs foreldrasamstar til að styðja við lestrarnám barnanna sinna.

Tími/-ar:
 mánudag
 25. ágúst
 kl. 13-16

NÁMSKEIÐ 106



Framburðarskimun

Númer: 106 – 14/15
Staður: Víðistaðaskóli, fyrirlestrarsalur
Markhópur: Umsjónarkennarar í 1. bekk
Fjöldi: 50+
**Umsjón/
kennari/-ar:** Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur
Lýsing: Farið yfir verkferla framburðarskimunar fyrir skimanir hjá nemendum 1. bekk með verkfærum *Leið til læsis*. Leið til læsis er verkfæri í lestrarnámi fyrir yngstu nemendur grunnskólans. Í Hafnarfirði eru skimunarpróf þess lagt fyrir alla 1. bekkina í grunnskólum Hafnarfjarðar og unnið er hér eftir verkferlum sem gilda fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar.

Tími/-ar:

Miðvikudag
20. ágúst
kl. 14:30-15:30

NÁMSKEIÐ 107



PALS kennaranámskeið (2. - 6. bekkur)

Númer: 107 – 15/16
Staður: Hraunvallaskóli
Markhópur: Bekkjarkennarar 2.-6. bekkjar
Fjöldi: 30-35
**Umsjón/
kennari/-ar:** Kristín Inga Guðmundsdóttir og Ásdís Hallgrímsdóttir
Lýsing: Kynntar og þjálfaðar aðferðir PALS, Þör að læra saman, sem hagnýt aðferð til að hjálpa til við lestrarkennslu með nemendum í 2.-6. bekk grunnskóla.

Tími/-ar:

Þri.
9. febr.
kl. 14.30-18

NÁMSKEIÐ 108



K-PALS kennaranámskeið

Númer: 108 – 15/16
Staður: Hraunvallaskóli
Markhópur: 1. bekkjarkennarar, sérkennarar, leikskólakennarar
Fjöldi: 40
**Umsjón/
kennari/-ar:** Elsa María Hallvarðsdóttir og Heiðveig Andrésdóttir, kennarar
Lýsing: K-PALS læsi er fyrir yngri barna kennara, sérkennara, leikskólakennara og aðra sem hafa áhuga á að kynna sér K-PALS. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að þjálfna þátttakendur í að nota hljóðaleiki, umskráningu o.fl. með nemendum sínum.

Tími/-ar:

Þriðjudagur
13. febrúar
kl. 14.30-18

NÁMSKEIÐ 109



Tengiliðanámskeið læsis

Númer: 109 – 14/15

Staður: Krosseyri og grunnskólarnir

Markhópur: Lykilfólk í læsi í grunnskólunum

Fjöldi: 45

**Umsjón/
kennari/-ar:** Stýrihópur verkefnisins bættur námsárangur

Lýsing: Fræðsla og samráð forystufólks í grunnskólunum um læsi og stefnumótun í lestrarkennslu, framkvæmd mælinga og lestrarkennslu í leik- og grunnskólum.

Tími/-ar:

mánudagar
2. og 30. nóv,
1. feb., 7. mars
og 9. maí

kl. 14.30-16



2. FORVARNIR: LÍFSLEIKNI TIL SJÁLFSRÆKTAR OG ÖRYGGIS

NÁMSKEIÐ 201



Skyndihjálparnámskeið - ásamt hæfniprófi sundkennslu

Númer: 201 – 14/15

Staður: Ásvallalaug

Markhópur: Íþróttakennarar sem kenna skólasund í grunnskólunum.

Fjöldi: 12+

Umsjón/
kennari/-ar: Ólafur Ingi Grettisson

Lýsing: Námskeið í skyndihjálpar, öryggi sundstaðar og að taka sundprófs í samræmi við reglugerð nr. 814/210 (og síðari breytinga á henni) til að ljúka hæfnisskilyrðum til sundkennslu og ætlast er til samkvæmt nýrri aðalnámskrá grunnskóla um kennslu í sundi á námssviðinu skólaíþróttir.

Tími/-ar:

8 klst.

18. og 20. ágúst

(haldið 2x)

kl. 8-16.30

NÁMSKEIÐ 202



Sundkennsla í grunnskólum

Númer: 202 – 14/15

Staður: Sundhöll Hafnarfjarðar

Markhópur: Sundkennarar grunnskólanna

Fjöldi: 20+

Umsjón/
kennari/-ar: Ingi Þór Ágústsson, sundþjálfari ásamt aðstoðarfólki

Lýsing: 1. dagur: mán. 4. Janúar kl. 15-17: **Yngsta stig, 1. - 4. bekkur**
 Vatnsaðlögun – leikir og aðferðir til að komast yfir hræðslu við vatnið.
 Leikir í vatni – til að auka færni við köfun og „öndun“ í kafi.
 Svo er farið yfir eftirfarandi atriði og kenndar aðferðir til að auka færni nemenda í skriðsundi og baksundi: lega, fótatök, velta, handatök, tímasetning, öndun og sund. Grunnatriði í því að stinga sér sem og snúning við bakka – uppsetning tímaseðla og tækni atriði sem og hvaða atriði hafa dugað best í sundskólum sundfélagana – farið verður yfir æfingar á bakka sem og í laug er hafa dugað vel við kennslu nemenda á þessu stigi.

2. dagur: þri. 5. janúar kl. 15-17: **Miðstig, 5. – 7. bekkur**

Upprifjun frá kennslu á fyrsta stigi – bæði verklegt sem og á bakka.
 Farið yfir dýpri þekkingu á sundaðferðunum – skrið og bak. Farið svo yfir eftirfarandi atriði og kenndar aðferðir til að auka færni nemenda í skriðsundi, baksundi og flugsundi: legu, fótatök, velta, handatök, tímasetningar, öndun og sund. Aukið við færni í aðferðum að stinga sér, snúa sér og spyrna frá bakka. Farið verður yfir uppsetningu tímaseðla og tækni atriði. Hvernig íþrótafræðingar geta byggt upp kennslu handa mismunandi hópum sem hafa mismunandi færni. Notkun aðstoðartækja við kennslu – hvað hefur virkað við þjálfun einstaklinga á þessu stigi.

Tími/-ar:

4.-6. jan. 2016

kl. 15-17

3. dagur: mán. 6. janúar kl. 15-17: **Efsta stig, 8. – 10. bekkur**

Upprifjun frá kennslu á fyrsta og öðru stigi námskeiðsins – bæði verklegt sem og á bakka. Nánari uppsetningar á kennslu til handa nemendum á efsta stigi grunnskóla. Aðferðir til að auka virkni nemenda í tímum. Farið yfir nánari atriði varðandi kennslu nemenda í öllum aðferðum sundsins. Farið yfir flugsund, boðsund og keppni. Uppsetning tímaseðla sem og uppsetning kennslu fyrir árið. Atriði til að gera sund áhugavert í augum unglingsins, farið yfir tækni í sundunum sem og atriði er hafa dugað við þjálfun nemenda á þessu stigi.

NÁMSKEIÐ 203



Skólaforðun: hegðunarvandi og kvíði

Númer: 203 – 15/16

Staður: Hvaleyrarskóli

Markhópur: Skólasálfræðingar, náms- og starfsráðgjafar, félagsráðgjafar, grunnskólastjórnendur og fleiri.

Fjöldi: 50+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Margrét Birna Þórarinsdóttir, sálfræðingur.

Lýsing: Námskeiðið sem kynnir sjónarmið til skólaforðunar (e. school refusal) hjá nemendum, þ.e. sérstakar ástæður um að mæta ekki í skóla umfram augljósar (veikindi, leyfi eða einfaldlega skröp). Kynnt eru sjónarmið til að greina eðli skólaforðunar og hvaða leiðir (í skóla og utan) séu heppilegar til að vinna á skólaforðun (sem 2. stigs úrræði út frá hegðunarþríhyrningi PMTO).

Tími/-ar:

Fimmtudagur

26. maí

kl. 13-16

NÁMSKEIÐ 204



Hvernig á að matreiða ofnæmisfæði á öruggan hátt?

Númer: 203 – 15/16

Staður: Hraunvallaskóli

Markhópur: Forstöðumenn eldhúsa í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar, stjórnendur og aðrir áhugasamir.

Fjöldi: 40+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Fríða Rún Þórðardóttir, næringarráðgjafi/næringarfræðingur og formaður Astma- og ofnæmisfélags Íslands og Selma Árnadóttir, stjórnarmaður í AO og móðir ofnæmisbarns.

Lýsing: Meginmarkmið með námskeiðinu er að bjóða upp á faglega fræðslu um fæðuofnæmi, alvarleika þess og hvernig tryggja megji góða og holla næringu. Það getur verið flókið að tryggja öruggt fæði og umhverfi fyrir einstakling með fæðuofnæmi. Ljóst er að næringarefni geta orðið af skornum skammti þegar fæðuofnæmi er til staðar og felst fræðslan m.s. í því hvaða fæðutegundir geta komið í staðinn fyrir mjól, korn, mjólk egg, fisk, hnetur o.fl. til að fullnægja næringarlegum þörfum og skapa fjölbreytni í fæðu barna.

Tími/-ar:

Miðv.

25. nóv.

kl. 14-16

NÁMSKEIÐ 205



Verndarar barna – Nýir starfsmenn

Númer: 204 – 14/15

Staður: Krosseyri og Hvaleyrarskóli

Markhópur: Nýtt starfsfólk grunnskóla.

Fjöldi: 40+

Umsjón/
kennari/-ar: Krístrún Helga Ólafsdóttir og Thelma Þorbergsdóttir,
félagsráðgjafar.

Lýsing: Heildstætt námskeið sem **Blátt áfram** hefur innleitt á Íslandi og kallast *Verndarar barna* (darkness to light). Í því felst að veita fagfólki aðferðir og leiðir til að vernda börn gegn kynferðislegri misnotkun með forvörnum, fræðslu og skipulögðum viðbrögðum við. Vinnubók fylgir.

Tími/-ar:

Mánudagur

18. ágúst

kl. 8.30-11.45

og 19. ágúst

kl. 8:30-11:45

Námskeiðið er hluti af stefnu bæjarins/fræðsluþjónustu um að allt starfsfólk grunnskóla skuli sækja fræðslu um forvarnir og viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.

Námskeiðin féllu niður vegna óviðráðanlegra ástæðna en þau eru haldin árlega og verða því tvöfölduð á næsta skólaári.

3. UPPLÝSINGALÆSI: UPPLÝSINGATÆKNI TIL SKÓLAÞRÓUNAR

NÁMSKEIÐ 301 FÉLL NIÐUR



eTwinning verkefni

Númer: 301 – 15/16**Staður:** Tölvustofa Setbergsskóla**Markhópur:** Kennarar í yngstastigi, miðstigi og unglingastigi í öllum fögum.**Fjöldi:** 20+**Umsjón/
kennari/-ar:** eTwinning sendiherrarnir Kolbrún Svala Hjaltadóttir, Flataskóla, og Guðlaug Óska Gunnarsdóttir, Dalskóla, ásamt verkefnisstjóra eTwinning, Guðmundi I. Markússyni, Rannís.**Markmið:** Að kennarar í Hafnarfirði stofni einföld eTwinning samstarfsverkefni með nágrannaskólum í nóvember og desember; á vormisseri verði veittur stuðningur við að komast í samstarf við evrópska skóla.**Lýsing:** 20. nóvember: Kynning á eTwinning; aðstoð við skráningu í eTwinning; kennarar velji sér nágrannaskóla til að vinna með og stofni einfalt samstarfsverkefni sem vari í eina til fjórar vikur og verði unnið í nóvember og desember. Ef þátttakendur eru ekki með hugmynd að verkefni sjálfir geta þeir nýtt sér tilbúna verkefnilýsingar sem þeir geta lagað að sínu fagi (þær verða sendar þátttakendum fyrir fundinn). Í kjölfarið verða þátttakendum heimsóttir í skólana og veittur frekari stuðningur; heimsóknirnar hefjast í vikunni eftir fundinn.**Tími/-ar:**

20. nóv.

kl. 14.30-16

og áfram verk-
efni úti í skóla í
desember

NÁMSKEIÐ 302



Erasmus+ kynning

Númer: 302 – 14/15**Staður:** Krosseyri**Markhópur:** Stjórnendur grunnskóla**Fjöldi:** 30+**Umsjón/
kennari/-ar:** Andrés Pétursson, ráðgjafi RANNÍS**Lýsing:** Kynning á verkefnasjóðum Erasmus+, umsóknarfrestum og gerð umsókna til sjóða Evrópusambandsins.**Tími/-ar:**

fim.

7. janúar

kl. 10-12

NÁMSKEIÐ 303



Spjaldtölvur í grunnskólakennslu - GRUNNUR

Númer: 303 – 14/15

Staður: Hvaleyrarskóli

Markhópur: Grunnskólakennarar sem þurfa grunnþekkingu á spjaldtölvum

Fjöldi: 20

**Umsjón/
kennari/-ar:** Bjarnís Fjóra Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, UT-torgi og SAMspil2015 og ráðgjafi hjá iNámskeið.is.

Rakel G. Magnúsdóttir, stundakennari á sviði upplýsingatækni hjá Kelduskóla og Vesturbæjarskóla og ráðgjafi hjá iNámskeið.is.

Lýsing: Á námskeiðinu verða kynntar fjölbreyttar aðferðir til að nýta spjaldtölvur við kennslu grunnskólanemenda. Kynnt verða nokkur smáforrit sem hafa reynst vel fyrir þennan nemendahóp. Námskeiðið er kennt þrjá mánudaga.

Skipulag:

- > Fyrsti tími: Farið yfir stillingar og virkni tölvunnar, aðferðir og þátttakendur velja smáforrit til að vinna með.
- > Annar tími: Þátttakendur vinna að skipulagningu verkefna til að leggja fyrir nemendur með tilliti til hæfniviðmiða og matsramma.
- > Þriðji tími: Ferlið endurskoðað og metið.

Ætlast er til að þátttakendur mæti með eigin spjaldtölvur til að vinna á.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að:

- > Þekkja grunnvirkni og helstu stillingar spjaldtölvu.
- > Geta nýtt spjaldtölvu á fjölbreyttan hátt í kennslu.
- > Geta skipulagt kennslu og verkefnavinnu með spjaldtölvu með tilliti til hæfniviðmiða og námsmats.
- > Geta metið hvaða smáforrit henta þeirra kennslu.
- > Þekkja nokkur smáforrit sem henta þeirra kennslu.
- > Geta sótt sér fróðleik og ýmis smáforrit á netið.
- > Geta nýtt netið og samfélagsmiðla til starfsþróunar.

Tími/-ar:

Fyrri námskeið:
Kl. 15-17
mánudagana
11. apríl
18. apríl og
25. apríl

Seinna námskeið:
Kl. 15-17
miðvikudagana
13. apríl,
27. apríl og
4. maí

NÁMSKEIÐ 304



Spjaldtölvur í grunnskólakennslu - FRAMHALD

Númer: 304 – 14/15

Staður: Lækjarskóli

Markhópur: Grunnskólakennarar sem hafa grunnþekkingu á spjaldtölvum

Fjöldi: 20

**Umsjón/
kennari/-ar:** Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, UT-torgi og SAMspil2015 og ráðgjafi hjá iNámskeið.is

Rakel G. Magnúsdóttir, stundakennari á sviði upplýsingatækni hjá Kelduskóla og Vesturbæjarskóla og ráðgjafi hjá iNámskeið.is

Lýsing: Á námskeiðinu verða kynntar fjölbreyttar aðferðir til að nýta spjaldtölvur við kennslu grunnskólanemenda. Kynnt verða nokkur smáforrit sem hafa reynst vel fyrir þennan nemendahóp. Námskeiðið er kennt þrjá mánudaga.

Skipulag:

- > Fyrsti tími: Farið yfir aðferðir og þátttakendur velja smáforrit til að vinna með.
 - > Annar tími: Þátttakendur vinna að skipulagningu verkefna til að leggja fyrir nemendur með tilliti til hæfniviðmiða og matsramma.
 - > Þriðji tími: Ferlið endurskoðað og metið.
- Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi grunnþekkingu á spjaldtölvum. Ætlast er til að þátttakendur mæti með eigin spjaldtölvur til að vinna á.

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að:

- > Geta nýtt spjaldtölvu á fjölbreyttan hátt í kennslu.
- > Geta skipulagt kennslu og verkefnavinnu með spjaldtölvu með tilliti til hæfniviðmiða og námsmats.
- > Geta metið hvaða smáforrit henta þeirra kennslu.
- > Þekkja nokkur smáforrit sem henta þeirra kennslu.
- > Geta sótt sér fróðleik og ýmis smáforrit á netið.
- > Geta nýtt netið og samfélagsmiðla til starfsþróunar.

Tími/-ar:

Kl. 15-17
dagana
29. febrúar,
14. mars og
4. apríl

4. FJÖLBREYTTIR KENNSLUHÆTTIR, FJÖLMENNING OG HÆFNIVIÐMIÐ AÐALNÁMSKRÁR

NÁMSKEIÐ 410



Gifted and talented students in schools

Númer: 410 – 15/16

Staður: Hlaðan (6. nóv.) og Háteigsskóli (7. nóv.)

Markhópur: Skólastjórnendur í grunnskólum og starfsfólk skóla-/fræðsluskrifst.

Fjöldi: 50+

kennari/-ar: Kirsten Baltzer og Anette Gjervig

Lýsing: Theme 1): Strategy for the highly abled and talented students...how – and why (AG- 120 min.).

Theme 2): Inspiration from The Challenge Award – an inclusive perspective (KB- 30 min.).

Theme 3): Sustainable provision for able learners (KB- 30 min.).

Vinnustofa 2: Laugardagur 7. nóvember kl. 9-12 í Háteigsskóla.

Markhópur: Yngri barna kennarar (6-12 ára nemendur)

Lýsing: Teaching in primary classes (Anette Gjervig)

The workshop will introduce two pedagogical templates for making lesson plans that provide for the highly abled and gifted students without being at the expense of the academically challenged students. Examples of lesson plans using the ABC Differentiated Teaching and the six different problem types with focus on Danish (Reading, writing, literature and culture), Math and Science.

Vinnustofa 3: Laugardagur 7. nóvember kl. 9-12 í Háteigsskóla.

Markhópur: Eldri barna kennarar (12-15 ára nemendum)

Lýsing: Teaching middle school and lower secondary classes (Kirsten Baltzer)

Theme A: Lesson planning according to the ABC for differentiated teaching – Provision for more able learners in Including settings.

Theme B: Learning together and/or in selective arrangements – strategies for grouping within and across classes.

Theme C: Curriculum enrichment, curriculum acceleration, grade skipping – and/or schools for the talented/gifted?

Markmið vinnustofanna er að styðja við skóla og kennara til að styðja við nám og kennslu bráðgerra og hæfileikaríkra nemenda í almennum skólastarfi.

Vinnustofurnar eru haldnar í tengslum við ráðstefnuna „var snemmendis bráðger“ á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun 6.-7. nóvember (eftir hádegi báða dagana) í HÍ-Stakkahlíð (föstudag) og Háteigsskóla (laugardag). Kirsten Baltzer og Anette Gjervig aðalfyrirlesarar. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar nær til nemenda á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum.

Sjá nánar: <http://ssh.menntamidja.is/bradgerir/vinnustofa-6-og-7-november/>

Tími/-ar:

föstudagur

6. nóv. og

laugardagur

7. nóv. (2 samt.)

kl. 9-12

NÁMSKEIÐ 411



Vinnustofa um kennslu í margbreytilegum nemendahópi

Númer: 411 – 15/16

Staður: Hlaðan, Gufunesi

Markhópur: Kennarar á höfuðborgarsvæðinu

Fjöldi: 50+

Umsjón Samráðshópur um símenntun grunnskólakennara á höfuðborgarsvæðinu

Lýsing: Kynning á ABC-kennslufræði út frá flokkunarkerfi Bloom og félaga um námslega framsetningu kennsluefnis sem mæti þörfum allra nemenda í námshópum/bekkjum. Framhald námskeiðs 410.

Tími/-ar:

Laugardagur

9. apríl

kl. 8.30-12.30

Haldið í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Sjá nánar: <http://ssh.menntamidja.is/bradgerir/vinnustofa-9-april-2016/>

5. SMT-SKÓLAFÆRNI TIL SKÓLAPRÓUNAR

NÁMSKEIÐ 501



SMT fræðsla fyrir nýtt starfsfólk grunnskóla

Númer: 501 – 15/16

Staður: Fyrirlestrarsalur Hvaleyarskóla

Markhópur: Nýtt starfsfólk grunnskóla

Fjöldi: 80+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Auður Erla Gunnarsdóttir, sálfræðingur

Lýsing: Að kynna SMT-skólafærni fyrir nýtt starfsfólk grunnskólanna, megináherslur og verkfæri.

Tími/-ar:

Þriðjudagur

18. ágúst

kl. 12.30-15.30

NÁMSKEIÐ 502



PMTO grunnmenntunarnámskeið

Númer: 502 – 15/16

Staður: Menntasetrið við Lækinn

Markhópur: Lykilaðilar í grunnskólum

Fjöldi: 20

**Umsjón/
kennari/-ar:** Elisa Ingólfssdóttir, verkefnisstjóri PMTO

Lýsing: 50 klst. námskeið í verkfærum PMTO fyrir lykilstarfsfólk í grunnskólunum. Fer fram í fjórum vinnulotum sem hver tekur tvo daga auk heimavinnu milli funda.

Tími/-ar:

kl. 8-16 eftir-
farandi daga

(auk heima-
vinnu):

15.-16. okt., 25.
og 26. nóv., 12.
jan. og 5. febr.

NÁMSKEIÐ 503



Handleiðsla fyrir SMT-teymi

Númer: 503 – 14/15

Staður: Krosseyri

Markhópur: Þeir sem sitja í SMT-teymum grunnskólanna

Fjöldi: 30+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Elísa Ingólfssdóttir, verkefnisstjóri PMTO

Lýsing: Samráðs- og stuðningsferli fyrir kennara í SMTteymum sem miðar að því hjálpa hverjum SMT-grunnskóla að viðhalda SMT-kerfinu í skólanum og verkefni þess séu nýtt í öllu skólastarfinu.

Tími/-ar:

9. sept., 18. nóv.

27. jan., 16. mars

og 25. júní

kl.14.30-16.00

NÁMSKEIÐ 504



Handleiðsla fyrir lausnateymi

Númer: 504 – 14/15

Staður: Krosseyri

Markhópur: Þeir sem sitja í lausnateymum grunnskólanna

Fjöldi: 30+

**Umsjón/
kennari/-ar:** Elísa Ingólfssdóttir, verkefnisstjóri PMTO

Lýsing: Samráðs- og stuðningsferli fyrir kennara í lausnateymum sem miðar að því hjálpa hverjum SMT-grunnskóla að nýta verkfæri SMT í vinnu með nemendur sem sýna hvað mestan hegðunarvanda (efsta lag þríhyrningsins).

Tími/-ar:

21. okt., 9. des.,

17. feb., 13. apr.

og 25. júní

kl.14.30-16.00